

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


Reykjavík 4. maí 2017

Efni: Umsögn um frv. um br. á úrgangslögum, 333. mál

Við er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarp um sama efni var áður lagt fram á 145. löggjafarþingi en er nú endurflutt með nokkrum breytingum.

Í umsögn SORPU til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dagsett 9. mars 2017 var í megin atriðum tekið undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um sama málefni. Nú, eins og þá, er heilshugar tekið undir umsögn sambandsins við frumvarpið. SORPU þykir þó rétt að áréttta þau atriði er snúa að framleiðendaábyrgð vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs. Alþingi er eindregið hvatt til að leysa úr þeim ágreiningi sem uppi er og vel er lýst í umsögn sambandsins. Tekið er undir með sambandinu að ekki er líklegt að það skili árangri að stjórn Úrvinnslusjóðs verði falið að finna lausn á málinu. Það skal jafnframt ítrekað að orðalag í frumvarpinu er ekki í samræmi við orðalag tilskipunar ESB um framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Engin rök hafa heldur verið færð fyrir því, hvers vegna ekki er komið til móts við afstöðu sambandsins, SORPU o.fl. í þessum efnunum. Óásættanlegt er með öllu, að enn þurfi sveitarfélögin að bíða eftir sjálfsögðum og sanngjörnum endurgreiðslum vegna sannanlegs kostnaðar við móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Virðingarfyllt,
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri